

Góða veislu gjöra skal

Am

Góða veislu gjöra skal

E

þá geng ég í dans

Am**Dm**

kveð ég um kóng Pípin

Am**G**

og Ólöfu dóttur hans

Am

stígum fastar á fjöl

E

spörum ei vorn skó

Am

guð mun ráða hvar við dönsum

E Am

næstu jól

Lokaerindið:

Máninn hátt á himni skín

hrímfölnur og grár

líf og tími líður

og liðið er nú ár

Bregðum blysum á loft

bleika lýsum grund

glottir tungl en hrín við hrönn

og hverfur stund

Álfadans

Am

Máninn hátt á himni skín

E

hrímfölnur og grár

Am Dm

líf og tími líður

Am G

og liðið er nú ár

Am

Bregðum blysum á loft

E

bleika lýsum grund

Am

glottir tungl en hrín við hrönn

E Am

og hratt flýr stund

Kyndla vora hefjum hátt

horfið kveðjum ár

dátta vér dansinn stígum

dunar ísinn grár

... *bregðum blysum* ...

Nú er veður næsta frítt

nóttin er svo blíð

blaktir blys í vindi

blaktir líf í tíð

... *bregðum blysum* ...

Komi hver sem koma vill

komdu nýja ár

dönsum dátta á svelli

dunar ísinn blár

... *bregðum blysum* ...

Fær þú unað, yndi og heill

öllum vættum lands

stutt er stund að líða

stígum þétt vorn dans

... *bregðum blysum* ...